

Veikindi eða slys sem leiða til örorku -ferill umsókna og réttindi hjá TR

Erindi fyrir Landssamtök lífeyrissjóða
Margrét Jónsdóttir

Lífeyristryggingar



Lög um almannatryggingar
nr. 100/2007

Lög um félagslega
aðstoð nr. 99/2007
Byggja á lögheimili á Íslandi



Áhrif búsetu á réttindi í almannatryggingum

Réttindi byggja á búsetu á Íslandi

Aldur 18-67 ára

Umsækjandi um örorku skilyrði að búseta hafi a.m.k verið þrjú ár á Íslandi áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert þegar umsækjandi tók hér búsetu



Áhrif búsetu á réttindi í almannatryggingum

Endurhæfingarlífeyrir fellur undir lög um
félagslega aðstoð
Réttindi almennt eftir 6 mánuði
Ef umsækjandi kemur veikur til landsins er
biðtími 3 ár



Lífeyristryggingar lög nr. 100/2007

Örorkulífeyrir

Aldurstengd örorkuuppbót

Tekjutrygging

Örorkustyrkur (engin viðbótarréttindi nema barnalífeyrir)

Barnalífeyrir

Ráðstöfunarfé



Greiðslur félagslegrar aðstoðar

lög nr. 99/2007

Mæðra- og feðralaun

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir v/menntunar

Umönnunargreiðslur

Makabætur og umönnunarbætur

Dánarbætur

Endurhæfingarlífeyrir

Sérstök uppbót til framfærslu

Heimilisuppbót

Frekari uppbætur

Bifreiðakostnaður

Endurgreiðsla umtalsverðs
kostnaðar við læknishjálp
og lyf



Endurhæfing- Örorkumat

Í lögum um almannatryggingar er heimild til að setja það skilyrði að umsækjandi um örorku gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar áður en til örorkumats kemur

Með endurskoðun á lögum árið 2010 var lögð enn meiri áhersla á endurhæfingu með atvinnuþátttöku og virkni að leiðarljósi



Endurhæfingarlífeyrir

Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 36 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys

Greiðslur eru inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar



Endurhæfingarlífeyrir

Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði og sé virkur í sinni endurhæfingu

Eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar



Endurhæfingarlífeyrir

Greiðslur endurhæfingarlífeyris eru þær sömu og greiðslur örorkulífeyris ásamt viðbótargreiðslum

Sjúkrahúsvist vegna greiningar- og endurhæfingar sem er skemur en eitt ár skerðir ekki greiðslur



Endurhæfingarlífeyrir -fylgigögn með umsókn

Umsókn, læknisvottorð, endurhæfingaráætlun,
staðfesting á að búið sé að tæma tilskilin réttindi

Ef umsækjandi fylgir ekki endurhæfingaráætlun má
fella endurhæfingarlífeyrinn niður

Endurhæfingarlífeyrir er tengdur virkri
endurhæfingu en er ekki biðtími fyrir óljósa örorku



Endurhæfingarúrræði - dæmi

Virk starfsendurhæfingarsjóður

Starfsþjálfun fatlaðra / Hringsjá

Reykjalundur

Félagspjónustur

Janus

Starfsendurhæfingar úrræði víðsvegar um landið



Örorkumat umsóknarferli

lög 100/2007 og reglugerð 379/1999

Ef endurhæfing leiðir ekki til bata fer fram ferli á örorkumati

Ný umsókn

Læknisvottorð

Sjálfsmat umsækjanda (spurningalisti) valkvætt

Staðfesting á að endurhæfing sé fullreynd

Álit utan TR (viðtal hjá lækni)

Endanleg niðurstaða hjá læknum TR



Örorkumat umsóknarferli

Niðurstaða mats getur verið:

50% örorkumat (örorkustyrkur) eða

75% örorkumat (örorkulífeyrir)

Synjun umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði

Þetta ferli getur tekið 12-14 vikur



Örorkumat umsóknarferli

Þegar örorkumat er samþykkt

Þarf umsækjandi að:

- Sækja um hjá lífeyrissjóði/um
- Skila inn tekjuáætlun



Réttindi örorkustyrkur

50% örorkumat

Mánaðarleg greiðsla nú 33.168 kr.

Viðbót vegna barna umsækjanda sem eru yngri en 18 ára

Engir aðrir viðbótarflokkar



75% örorkumat er hámarksmat samkvæmt almannatryggingum

Veitir mánaðarlegar greiðslur og viðbótarbótaflokka eftir aldri, tekjum, og búsetu

Sjá upphæðir á tr.is



Örorkulífeyrir

Örorkulífeyrir:

örorkumat 75% veitir rétt til greiðslu
örorkulífeyris 44.866 kr. á mánuði

Tekjutengdur:

skerðist vegna eigin tekna



Örorkulífeyrir og tengd réttindi

Tekjutrygging 143.676 kr. á mánuði

Heimilisuppbót ef viðkomandi býr einn 48.564 kr á mánuði

Við útreikning réttindi er vægi tekna mismunandi (atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur, fjármagnstekjur)



Frítekjumörk - öryrkjar

Frítekjumörk fyrir öryrkja eru mismunandi eftir tekjuflokkum

Lífeyrissjóðstekjur 27.400 (mán.tekjur)

Atvinnutekjur 109.600 (mán.tekjur)

Fjármagnstekjur 8.220 (á mán)



Sérstök uppbót til framfærslu

Öryrki sem býr einn og hefur engar aðrar tekjur en almannatryggingar getur hæst verið með 300.000 kr á mánuði

Öryrki sem býr með öðrum og hefur eingöngu almannatryggingar getur hæst haft 238.594 kr. á mánuði



Frekari uppbót á lífeyri

Frekari uppbót er ætlað að mæta sérstökum útgjöldum þeirra sem njóta örorkulífeyris

Réttindi bundið við tekjur undir kr. 235.648,- á mánuði og eignir í peningum 4.000.000



Frekari uppbót er heimilt að greiða vegna:

Lyfja- og sjúkrakostnaðar sem sjúkratryggingar greiða ekki

Umönnunar í heimahúsi

Leigukostnaðar ef ekki er réttur á húsaleigubótum frá sveitarfélagi

Dvalarkostnaðar á sambýlum og áfangaheimilum

Kaupa á heyrnartækjum



Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiðsla til framfæranda barns undir 18 ára aldri ef foreldri er örorkulífeyrisþegi eða látið



Barnalífeyrir

Barnalífeyrir 33.168 kr. á mánuði

Greiðist til 18 ára aldurs vegna barna sem eru á framfæri lífeyrispega

Hægt er að sækja um framlengingu vegna skólanáms vegna ungmenna á aldrinum 18 - 20 ára



Nokkur dæmi

Til að sýna betur hvaða greiðslur fara saman eru sett upp nokkur dæmi til skýringar

Athugið að allar greiðslur í dæmunum miðast við hvað greitt er á mánuði og miðast við greiðslur fyrir skatt



Einstaklingur sem býr einn og fékk 75% örorkumat 19 ára

Tekjur		0
Örorkulífeyrir	kr.	44.866
Aldurstengd uppbót	-	44.866
Tekjutrygging	-	143.676
Heimilisuppbót	-	48.564
		<hr/>
		281.972
Sérstök uppbót til framfærslu		18.028
Samtals TR		300.000



Einstaklingur sem býr einn fékk 75% örorkumat 30 ára

Lífeyrissjóður	kr. 85.000
Örorkulífeyrir	44.866
Aldurstengd uppbót	29.163 (65%)
Tekjutrygging	121.586
Heimilisuppbót	41.099
Samtals TR	236.714
Samtals með lífeyrissjóði	321.714



Einstaklingur sem býr einn fékk 75% örorkumat 60 ára

Lífeyrissjóður	kr.	100.000
Örorkulífeyrir	-	44.866
Aldurstengd	-	2.243 (5%)
Tekjutrygging	-	115.834
Heimilisuppbót	-	39.155
Samtals TR		202.098
Samtals með lífeyrissjóði		302.098



Einstaklingur sem býr einn fékk 75% örorkumat 60 ára

Atvinnutekjur	kr.	100.000
Örorkulífeyrir	-	44.866
Aldurstengd	-	2.243(5%)
Tekjutrygging	-	143.676
Heimilisuppbót	-	48.564
Samtals TR		239.349
Heildartekjur		339.349



Einstætt foreldri með tvö börn fékk 75% örorkumat 30 ára

Laun	kr.	0
Örorkulífeyrir		44.866
Aldurstengd uppbót		29.163 (65%)
Tekjutrygging		143.676
Heimilisuppbót		48.564
Framfærsluuppbót		33.731
		300.000
Meðlag		66.336
Barnalífeyrir		66.336
Mæðra –feðralaun		9.602
Samtals		442.274 kr.



Einstaklingur sem fékk 75% örorkumat 50 ára

Greiðslur úr lífeyrissjóði skerða ekki
örorkulífeyri (grunnlífeyri)

Dæmi: Launatekjur á mán. 395.000 engar
greiðslur frá TR

Dæmi: Lífeyrissjóðsgreiðslur 395.000 á
mán. Greiðslur frá TR 52.977

Ef þetta væru atvinnutekjur þá fengi
viðkomandi 0 frá almannatryggingum



Lífeyrir fellur niður

Lífeyrisþegar sem fara á hjúkrunarheimili missa lífeyri 1. næsta mánaðar eftir innlögn

Vegna dvalar á sjúkrahúsi fellur lífeyrir niður eftir sex mánaða samfellda dvöl

Hægt er að sækja um framlengingu á greiðslum ef umsækjandi hefur kostnað af rekstri húsnæðis



Bifreiðahlunnindi

reglugerð 170/2009

Réttindi til hreyfihamlaðra lífeyrisþega

Uppbót v/reksturs bifreiðar

Uppbót v/kaupa á bifreið

Styrkur til kaupa á bifreið

Styrkur v/hjálpartækja í bifreið

Niðurfelling bifreiðagjalda



Styrkir og uppbætur v/bifreiða

Markmið með styrkjum og uppbótum vegna bifreiða er að gera hreyfihömluðum einstaklingum kleift að stunda atvinnu eða skóla þótt önnur sjónarmið geti einnig réttlætt slíkar bætur svo sem reglubundin endurhæfing eða læknismeðferð



Makabætur/umönnunarbætur

Makabótum er ætlað að koma til móts við tekjuskerðingu hjá hjónum þegar annað hjóna fær örorkulífeyri, býr heima og þarfnast umönnunar
Á einnig við um aðila sem eiga sama lögheimili



Makabætur

Makabætur: eru kr. 144.062 - á mánuði.
Umönnunaraðili má ekki vera lífeyrisþegi
Heimild er að uppfylltum eftirfarandi
skilyrðum:

- Lækkað starfshlutfall
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Vegna tekjuleysis



Reiknivél

Reiknivél er á tr.is gott tæki til að fá betri skilning á samsetningu bóta með tilliti til fjölskylduaðstæðna og tekna



Mikilvæg atriði

Sækja þarf um öll réttindi

Greiðslur eru almennt tekjutengdar og skattskyldar

Engar tekjutengingar eru á milli hjóna

Fjármagnstekjur eru þó alltaf sameign hjóna

Úttekt á séreignarsparnaði hefur ekki áhrif á réttindi nema á einn bótaflokk „sérstök uppbót til framfærslu“



Þjónustuleiðir

Mínar síður á tr.is

Þjónustumiðstöð við Laugaveg

Umboð TR hjá sýslumönnum um land allt

Tölvupóstur tr@tr.is

Símaver – leyfinúmer fyrir viðskiptavinum



Samskipti við lífeyrissjóði


Mikilvægt er að þróa rafræn samskipti milli TR og lífeyrissjóða sem einhver hreyfing er komin á

Þannig verði hægt að að fá upplýsingar um greiðslur til hagsbóta fyrir umsækjendur

Minnkar of/vangreiðslur til lífeyrisþega
Einfaldar verklag og er vinnusparandi



Fjöldatölur í mars 2018



Takk fyrir – spurningar!

